



Varðskipið Týr til Ólafsfjarðar

Fyrir helgi var upplýst að til standi að kaupa nýtt skip í stað varðskipisins Týs. Kostnaður við viðgerð á Týr var talið vera 100 mkr. og því er verið að kanna aðrar leiðir.

Ekki hefur komið fram hvað gera á við Tý. Því má velta fyrir sér hvort þarna leyndust tækifæri fyrir Fjallabyggð og þá aðallega í Ólafsfirði.

Við sjáum fyrir okkur að Týr geti átt heima í Ólafsfjarðarhöfn við austurkantinn í gömlu höfninni. Þar yrði hann gerður að sýningargrip og sögu hans gerð góð skil.

Varðskipið Týr var formlega afhent Landhelgisgæslu Íslands 14. mars 1975. Fór varðskipið sína fyrstu ferð til björgunar- og landhelgisgæslustarfa frá Reykjavík þann 29. mars 1975, undir stjórn Guðmundar Kjærnested skipherra.

Varðskipið Týr kom mikið við sögu í 200 sjómílna þorskastríðinu og klippti á togvira fjölda togara, bæði breskra og þýska. Alvarlegasti atburðurinn varð þegar breska freigátan Falmouth sigldi tvívegis á Tý og laskaði hann verulega. Skipið fór nær alveg á hliðina en rétti sig við aftur. Týr hefur margoft komið að björgun fólks í háska í gegnum tíðina og á það skilið að sögu hans sé haldið á lofti.

Því leggur H-listinn það til að bæjarstjóra verði falið að senda formlegt erindi til Landhelgisgæslunnar, dómsmálaráðherra, menntamálaráðherra og forsætisráðherra þar sem þeirri hugmynd verði komið á framfæri að skipið fái framtíðarhöfn í Ólafsfirði og verði gert af safni. Þar verði sögu þess gerð góð skil sem m.a. inniheldur fræknaðgerðir í þorskastríðinu. Einnig væri hægt að vera með leiðsögn um skipið.

Töluvert er til af myndefni hjá RÚV þar sem Týr kemur við sögu og því auðvelt að koma því fyrir í safni um borð.

Þetta verður ekki framkvæmanlegt nema með fjármunum frá hinu opinbera og er forsenda þess að farið verði í að skoða þetta. Við þurfum að vera vakandi yfir fjölbreyttum tækifærum fyrir sveitarfélagið og teljum við að þetta sé eitthvað sem sveitarfélagið eigi að hafa forgöngu um að kanna formlega, enda er reiknað með að Fjallabyggð bjóði leguplássið frítt fyrir þennan öldung.

Nú þarf að hamra járníð á meðan það er heitt, því reikna má með að fleiri séu að spá í svipaða hluti.

Fjallabyggð, 19.03.2021

F.h. H-listans

Helgi Jóhannsson

Jón Valgeir Baldursson